



Persónuvernd

## Öryggisstillingar á Facebook - hvernig ferð þú að?

Þann 28. janúar 2012 var evrópski persónuverndardagurinn. Aðildarríki ESB og EES hafa notað þennan dag til að árétti mikilvægi þess að einstaklingar verndi persónuupplýsingar sínar og sitt einkalíf. Ríkin vekja athygli borgaranna á þessum degi með ólíkum hætti. Persónuvernd hefur ákveðið að brýnt sé að setja fram leiðbeiningar fyrir notendur Facebook um það hvernig þeir geti best verndað persónuupplýsingar sínar og einkalíf á Facebook. Samfélagsvefsíðan býður notendum sínum upp á að vernda einkalíf sitt og upplýsingar en hins vegar er gagnaverndarstefna Facebook þannig að hægt er að tryggja vernd mismunandi upplýsinga á ólíkan hátt. Ef notandi vill einungis njóta friðhelgi um myndir sem hann setur inn, þá er það möguleiki. Á sama tíma gæti viðkomandi verið að miðla grunnpersónuupplýsingum um sig til hundruða aðila eftir því hvað hann hefur „líkað við“ margar viðbætur (e. application) á vefsvæðinu, jafnvel án sinnar vitundar. Fá tækniundur hafa vaxið jafn hratt og náð þeirri yfirburðastöðu sem Facebook hefur í reynd náð í heiminum. Reynt verður að setja leiðbeiningar fram á skýran og skilmerkilegan hátt m.a. með aðstoð mynda svo notendur geti verndað persónuupplýsingar sínar og einkalíf enn betur.

## 1 Skráning á Facebook

Þegar þú skráir þig á Facebook þarft þú alltaf að gefa upp fornafn, eftirnafn, netfang, kyn og fæðingardag. Svo að sjálfsögðu þarftu að velja þér lykilorð. Þetta gerir þú með því að fylla út formið á forsíðu Facebook.

## 2 Skráning á Facebook frh.

facebook

Netfang  Lykilorð    Hadda min vandráðunni?  Gleymdu þu lykilorðinu þínu?

Heading out? Stay connected  
Nota facebook.com með farsmanum þínum.

**Skráðu þig**  
Það er ókeypis og mun alltaf vera það.

**Öryggisprófin**  
Skráðu inn breið orðin hér að neðan og settu þi á milli þeirra.  
Getur þú ekki lesið orðin fyrir neðan? Reyndu önnur orð eða Hjóntak stafarugl.

Textinn í reitnum:

By clicking Sign Up, you agree to our Terms and that you have read and understand our [Data Use Policy](#).

English (US) Íslenska Español Português (Brasil) Français (France) Deutsch Italiano العربية 繁體中文 中文(简体)

Facebook © 2012 - Íslenska [Farsími](#) [Finnis vísir](#) [Hafnarvegur](#) [Fólk](#) [Sáur](#) [Um vefinn](#) [Auglýsingar](#) [Búa til síðu](#) [Hönnuðir](#) [Störf](#) [Friðhelgi](#) [Stöndlar](#) [Hjálpi](#)

Til að þú getir skráð þig á Facebook þarftu líka að skrifa inn orðin sem koma fram í kassanum sem merktur er með rauðu. Þetta er til að koma í veg fyrir að tölvugerðir vírusar o.þ.h. geti skráð sig á síðuna og valdið usla.

Hér finnur þú líka tengil sem leiðir þig inn á gagnaverndunarstefna Facebook, tengillinn er merktur með rauðu. Þar er að finna ítarlegar upplýsingar um hvaða upplýsingar um notendur Facebook aflar og hvernig þær eru notaðar, friðhelgisstillingar, hvernig notendur deila upplýsingum um sig með öðrum, hvernig Facebook vinnur með auglýsendum, öryggi o.fl. Hér á eftir verður einungis farið yfir hvernig Persónuvernd mælir með að friðhelgisstillingar notenda séu stillar.


### 3 Skráning á Facebook frh.



Þegar þú hefur skráð þig inn þá býður Facebook þér upp á að flytja inn alla tengiliði frá Gmail, Skype, Hotmail eða annarri tölvupóstþjónstu. Þetta felur í sér að Gmail sendir Facebook alla tengiliði þína. Facebook keyrir síðan netfangalistann við sinn gagnagrunn og finnur þannig vini þína og bendir þér á þá. Tengingunni við netfangalistann er síðan slitið.

Ef þú vilt ekki finna hugsanlega vini þína með þessum hætti velur þú "Sleppa þessu þrepi".

#### 4 Að finna vini á Facebook með tengingu við utanaðkomandi pósthólf



Ef þú ákveður að leyfa Facebook að fá aðgang að þínum tengiliðaupplýsingum þarftu að samþykkja það sérstaklega með því að ýta á "Allow". Þá getur þú einnig valið hvort síðan muni það val þitt eða hvort þú þurfir að samþykkja aftur síðar meir.

## 5 Að finna vini á Facebook með tengingu við utanaðkomandi pósthólf frh.


**Prep 1**  
Finna vini

**Prep 2**  
Síðan þín


**Prep 3**  
Forsíðamynd

Find more of your friends on Facebook by uploading your Gmail contacts using the steps below.

1. **Innskrá** to your Gmail account.
2. Click on **Flytja út** in the top menu.



3. Choose which contacts you want to download.



Í þrepi 1 leiðir Facebook þig í gegnum hvernig þú getur flutt tengiliði þína frá utanaðkomandi pósthólfi þínu yfir til Facebook. Hægt er að velja um að flytja alla tengiliði eða einungis útvalda tengiliði.

## 6 Upplýsingar sem Facebook biður um.

**Prep 1**  
Finna vini

**Prep 2**  
Síðan þín

**Prep 3**  
Forsíðumynd

### Útfylltu upplýsingarnar á síðunni þinni

Þessar upplýsingar hjálpa þér að finna vini þína á facebook.

Menntaskóli:

College/University:

Vinnuveitandi:

◀ Til baka

Sleppa

Vista & Halda áfram

Í þrepi 2 óskar Facebook eftir því að fá frekari upplýsingar um þig, t.d. hvaða skóla þú hafir verið í og hvar þú hafir unnið. Þér er algjörlega í sjálfsveld sett hvort þú gefur þessar upplýsingar eða ekki. Ef þú vilt ekki skrá þessar upplýsingar þá ýtir þú á Sleppa. Ef þú velur að setja inn þessar upplýsingar þá eru þær sýnilegar öllum nema þú breytir friðhelgisstillingunum sérstaklega, sem sýnt verður hér að neðan.

## 7 Forsíðumynd sett á Facebook



Í þrepi 3 óskar Facebook eftir því að þú setjir inn mynd af þér sjálfum/sjálfri. Hér hefur þú líka fullt ákvörðunarvald um hvort þú setur mynd af þér eða ekki. Forsíðumynd birtist öllum sem skoða Facebook-síðuna þína, hvort sem þeir eru vinir þínir eða ekki. Ef þú vilt ekki velja mynd, ýtir þú á sleppa-hnappinn.




## 8 Aðgangsstillingar



Þegar þú hefur skráð þig inn þá ferð þú beint inn á heimasvæðið þitt. Hér sérð þú yfirlit yfir það sem vinir þínir eru að segja og gera á Facebook.

Til að stilla aðgangsstillingar þá velur þú örina sem merkt er með 1. Þá birtist fellivalsgluggi og þar velur þú aðgangsstillingar, merkt með 2.

## 9 Aðgangsstillingar á Facebook - almennt



Þegar þú hefur valið aðgangsstillingar þá birtist fyrst almenna valmyndin ("Almennt"). Hér getur þú breytt nafni þínu (1), notandanafni (2), netfangi (3), lykilorði (4), valið þér tengslanet (5), tengt póstinn þinn (6) og breytt tungumáli (7).


Þá getur þú einnig nálgast gagnaverndarstefnu Facebook undir hnappnum "Friðhelgi" og merktur er hér á myndinni með rauðum hring eða friðhelgisstillingarnar þínar, undirstrikaðar með rauðu.

## 10 Aðgangsstillingar - öryggi



Hér stillir þú öryggisstillingar fyrir Facebook-síðuna þína. Með því að smella á breyta getur þú breytt stillingunum og þar með aukið öryggi upplýsinga þinna enn frekar.

## 11 Friðhelgisstillingar á Facebook



Til að breyta friðhelgisstillingum þínum velur þú aftur örina efst í hægra horninu á Facebook síðu þinni og velur "Friðhelgisstillingar".

Með því að stilla friðhelgisstillingarnar rétt hér hámarkar þú vernd þinna persónuupplýsinga á Facebook. Persónuvernd mælir sérstaklega með því að allir Facebook notendur fari yfir friðhelgisstillingar sínar reglulega og breyti þeim hér.

## 12 Friðhelgisstillingar frh.

**facebook** Leita

Persóna Vernd Finna vini Heim

### Friðhelgisstillingar

**1 Stjórnaðu friðhelgi þegar þú setur inn innlegg**  
 Þú getur stjórnað friðhelgi stöðuuppfærslu, mynda og upplýsinga með því að nota innifalinn áheyranda veljara - þegar þú deilir eða eftir á. Mundu: fólk sem þú deilir með getur alltaf deilt upplýsingunum þínum með öðrum, þar með tildum viðbótum/smellum (Apps). Reyndu breyta síðu þinni til að sjá hvernig það virkar eða frekari upplýsingar

Hvað liggur þér á hjarta?

Public Birta

**2 Stjórnaðu sjálfgefnum friðhelgistillingum**  
 Þessi stiling mun virka á stöðuuppfærslur og myndir sem þú birtir á síðunni þinni frá Facebook viðbót sem er ekki með innifaldan markhóp, eins og Facebook fyrir BlackBerry.

Public Vinir Sérstíð

**3 Hvernig þú tengist**

**Hvernig merkingar virka**  
 Stjórnaðu hvað gerist þegar vinir merkja þig eða innlegg þín. [Breyta stilingum](#)

**Viðbætur og vefsíður**  
 Stjórnaðu hverju er deilt með viðbótum, leikjum og vefsíðum. [Breyta stilingum](#)

**Takmarkaðu hver getur séð eldri innlegg**  
 Limit the audience for posts you shared with friends of friends or Public. [Sýnileikastillingar eldri innleggja](#)

**Fólk og viðbætur sem lokað er á**  
 Stillingar fyrir fólk og viðbætur sem þú hefur lokað á. [Lokunarstillingar](#)

Facebook © 2012 · Íslenska Um vefinn · Auplýsingar · Búa til síðu · Hönnuðir · Stöf · Friðhelgi · Skilmálar · Hjálp

### 1. Stjórnaðu friðhelgi þegar þú setur inn innlegg

Hér getur þú stjórnað friðhelgisstillingum einstakra færslna sem þú setur á vegginn þinn. Facebook gefur nánari útskýringar á þessu og þú hefur valið fyrir hverjum stöðuuppfærslur þínar birtast hverju sinni. Nánar verður farið í þetta síðar.

### 2. Stjórnaðu sjálfgefnum friðhelgisstillingum

Hér velur þú hvaða einstaklingar geta séð myndir og stöðuuppfærslur sem þú setur inn með þeim viðbótum sem þú hefur kosið að nota, s.s. farsímaviðbót o.s.frv.

- Ef hakað er við "public" sjá allir Facebook notendur þær stöðuuppfærslur og myndir sem þú setur inn með viðbótum.

- Ef hakað er við "vinir" sjá eingöngu vinir þínir stöðuuppfærslur og myndir sem þú setur inn með viðbótum

- Ef hakað er við "sérnsniðið" getur þú valið hvaða vinir þínir sjá þessar færslur.

ATH! Þessi friðhelgisstilling gildir eingöngu fyrir þær viðbætur (e. applications) sem þú kýst að nota, en ekki almennt fyrir allar athafnir þínar á Facebook.

Persónuvernd mælir með að fólk haki annað hvort við „vini“ eða útbúi sérnsniðinn aðgang að þessum færslum.

### 3. Aðrar friðhelgisstillingar

Þessar stillingar þarf að fara yfir. Þær stjórna m.a. hvernig þú tengist vinum þínum, hver getur merkt þig á myndum eða í færslum og hvaða upplýsingum þú deilir með þriðju aðilum, t.d. leikjum, vefsíðum og fyrirtækjum. Næstu skref útskýra þetta þriðja þrep nánar.

### 13 Friðhelgisstillingar: Hvernig þú tengist fólki sem þú þekkir



Með því að ýta á "Breyta stillingum" færð upp valmynd þar sem þú getur valið hvernig þú tengist öðrum Facebook notendum.

Persónuvernd bendir á að stillingin "vinir" takmarkar best aðgengi að þér og þínum upplýsingum á Facebook og mælir með að hún sé notuð í sem flestum tilvikum.

## 14 Friðhelgisstillingar: Hvernig merkingar virka? - Yfirferð persónusíðu

The screenshot shows the Facebook settings page for 'How tags work'. At the top, there is a section titled 'Hvernig merkingar virka' (How tags work) with a 'Breyta stillingum' (Change settings) button. Below this, there is a section for 'Yfirferð persónusíðu' (Profile review) with an 'Off' toggle. A second, larger section also titled 'Yfirferð persónusíðu' (Profile review) shows the 'Enabled' toggle is checked. Below this, there is a preview of a Facebook profile with a 'Pending Posts' tab and an 'Approve All Posts' button. The 'Approve All Posts' button is circled in red. A 'Back' button is visible at the bottom right of the preview.

Þegar valið er að breyta stillingum fyrir merkingar þarf fyrst að velja hnappinn „Breyta stillingum“. Þá opnast næsta valmynd sem inniheldur frekari stillingar. Fyrsta stillingin ber yfirskriftina „Yfirferð persónusíðu“ og felur í sér að notandi velur hvort færslur sem hann hefur verið merktur á, t.d. myndir eða stöðuuppfærslur, birtist á Facebook-síðu hans strax eða hvort slíkar færslur birtist ekki fyrr en viðkomandi hefur samþykkt birtingu þeirra. Með þessu móti er komið í veg fyrir að óæskilegar myndir eða stöðuuppfærslur birtist sjálfkrafa, án vitundar notanda.

Persónuvernd mælir með að hakað sé við „enabled“ hér sem gerir það að verkum að myndir og stöðuuppfærslur af notanda birtast ekki fyrr en hann hefur sérstaklega samþykkt það.



## 15 Friðhelgisstillingar: Hvernig merkingar virka - yfirferð merkinga (e. Tag-review)

The screenshot shows the Facebook privacy settings for 'How tags work'. At the top, there is a title 'Hvernig merkingar virka' and a subtitle 'Stjórnaðu hvað gerist þegar vinir merkja þig eða innlegg þín.' A red box highlights the 'Breyta stillingum' button. Below this, there are three main sections: 1. 'Timeline Review of posts friends tag you in before they go on your timeline (note: tags may still appear elsewhere on Facebook)' with a 'Virkt' toggle. 2. 'Merkinga-yfirferð merkinga sem vinir vilja setja á innlegg þín' with a 'Virkt' toggle. 3. 'Tag Review' which is currently set to 'Enabled'. The 'Tag Review' section includes a description: 'Virka merkinga-yfirferð til að fara yfir merkingar, sem vinir bæta við þitt efni, áður en þær birtast á Facebook. Þegar einhver sem er ekki vinur þinn bætir merkingu á eitthvert innleggja þinna mun alltaf verða óskað eftir að þú farir yfir það.' and 'Mundu: þegar þú samþykkir merkingu mun merkti einstaklingurinn og vinir hans sjá innlegg þitt.' Below the text is a photo of a group of people sitting on a lawn, with a tag 'Jerry Lui tagged Francis McDonald.' overlaid. A 'Back' button is at the bottom right.

Önnur stillingin ber yfirskriftina „Merkinga-yfirferð“ og felur í sér að þú velur hvort aðrir vinir þínir geti merkt fólk inn á þínar stöðuuppfærslur eða myndir. Ef merkt er við „enabled“ færð þú tilkynningar þegar vinur óskar eftir að merkja annað hvort sig eða aðra vini sína inn á þínar myndir eða stöðuuppfærslur. Ef merkt er við „disabled“ þá getir vinir þínir merkt aðra einstaklinga, á þínum færslum, að vild án þíns samþykkis.


Persónuvernd mælir með því að notendur haki við „enabled“ og stjórni því hverjir sjái þínar myndir.

ATH! Ef vinur þinn merkir sjálfan sig eða aðra á þínar myndir þá geta vinir þess sem merkti, og þess sem var merktur, séð þína mynd sem þeir e.t.v. sáu ekki áður. Það geta verið hundruðir einstaklinga.

Persónuvernd mælir með að hakað sé við „enabled“ hér sem gerir það að verkum að myndir og stöðuuppfærslur af notanda birtast ekki fyrr en hann hefur sérstaklega samþykkt það.



## 16 Friðhelgisstillingar: Hvernig merkingar virka - Hámarks sýnileiki persónusíðu



Þriðja stillingin fyrir merkingar ber yfirskriftina „Hámarks sýnileiki persónusíðu“ og felur í sér að notandi stjórnar hverjir sjái þær færslur sem þú hefur verið merktur á, hjá öðrum, og birtast á þinni Facebook síðu. Hér ert þú búin/n að velja hvort slíkar færslur birtist á Facebook síðu þinni sjálfkrafa eða einungis eftir að þú hefur samþykkt þær (sbr. síðustu tvö skref hér á undan). Í þessu skrefi velur þú hverjir síðan sjái stöðuuppfærslur eða myndir sem þú hefur verið merkt/ur á, eftir að þú hefur samþykkt slíkt. Hér er hægt að velja opinbera birtingu (sbr. „public“), að allir vinir vina þinna sjái færslurnar, einungis vinir þínir eða einungis ákveðinn hópur sem hefur verið sérnsniðinn og valinn af þér.


Persónuvernd mælir með að notandi velji að einungis vinir sjái innlegg sem hann hefur verið merktur í/á.

## 17 Friðhelgisstillingar: Hvernig merkingar virka - Tillögur merkinga (e. Tag suggestions)



Fjórða stillingin í merkingum ber yfirskriftina „Tillögur merkinga“. Facebook hefur nýlega tekið í notkun forrit sem gerir Facebook kleift að þekkja andlit notenda með s.k. andlitsgreiningartækni. Þegar mynd er hlaðið upp á Facebook sem forritið telur geta verið af þér stingur það upp á, við eiganda myndarinnar, að hann merki við þig á myndinni. Andlitsgreiningarforritið er ekki talið geta greint örugglega um hvern ræðir og í framkvæmd hefur verið stungið upp á röngum manneskjum til að merkja á. Persónuvernd mælir því ekki með að fólk notfæri sér þetta forrit frekar en það vill. Með því að velja „no one“ hér gefur andlitsgreiningarforritið ekki möguleika á að greina þitt andlit með þessum hætti þegar aðrir notendur setja inn myndir. Veljir þú hins vegar „vinir“ stingur forritið upp á merkingu þinni þegar vinir þínir hlaða upp myndum af þér.

## 18 Friðhelgisstillingar: Hvernig merkingar virka - skráning staðsetningar með farsímabúnaði (e.geo-tagging)



Fimmta og síðasta stillingin fyrir merkingar ber yfirskriftina „Vinir geta skráð þig á stöðum með fjar-staða“ eða á ensku „Friends can check you into places“. Með því að nota staðsetningarforrit eða GPS-staðsetningartæki farsíma geta vinir þínir merkt við að þú hafir verið á tilteknum stað á tilteknum tíma t.d. Persóna var í Smárabíó kl. 22:00 þann 28. janúar 2012. Þessa viðbót geta einungis þeir notað sem eiga farsíma með gps staðsetningarbúnaði í. Með því að haka við „disabled“ geta vinir ekki merkt þig á ákveðnum stað í sinni eigin færslu með sínum eigin farsímabúnaði. Með því að haka við „enabled“ samþykkir þú slíka merkingu hjá vinum þínum.

Persónuvernd mælir með því að notendur haki við "disabled".

ATH! Ef þú varst búin/n að haka við það að þú fái tilkynningar um merkingu þína áður en þær birtast á Facebook síðu þinni þá eiga slíkar tilkynningar einnig við um þessar merkingar sem gerðar eru með notkun GPS-staðsetningarbúnaðar í farsímum.

## 19 Friðhelgisstillingar: Viðbætur og vefsíður - Viðbætur sem þú notar

Grunnupplýsingar þínar (nafn, forsiðumynd, kyn, tengslanet, notendanafn og notendanúmer) eru ávallt aðgengilegar öllum á Facebook t.d. öðrum notendum, vinum þínum og viðbótum (e. applications). Þegar þú tekur í notkun ákveðna viðbót samþykkir þú að viðbótin fái frekari upplýsingar um þig. Til að stjórna því hvaða upplýsingar viðbótum er heimilt að nálgast þarf að stilla friðhelgisstillingarnar sérstaklega fyrir viðbætur og vefsíður.

Með því að velja „breyta stillingum“ fyrir viðbætur sem þú notar felur fyrsti valmöguleikinn í sér að lokað er fyrir allar viðbætur. Með því að velja „turn off apps“ lokar þú á allar þær viðbætur sem þú hefur áður samþykkt. Þessi valmöguleiki felur í sér að þú getur ekki notað „líkar við“ hnappinn né nokkrar aðrar viðbætur sem Facebook býður upp á.

ATH! Ef þú slekkur á notkun allra viðbóta getur það haft í för með sér að Facebook síðan þín virki ekki með sama hætti og áður.

Í næstu skrefum verður farið yfir hvernig hægt er að loka einungis á tiltekna viðbætur.

## 20 Friðhelgisstillingar: Viðbætur og vefsíður - Hvernig flytur fólk upplýsingarnar þínar yfir til viðbóta sem það notar

**Viðbætur og vefsíður**  
Stjórnaðu hverju er deilt með viðbótum, leikjum og vefsíðum. [Breyta stillingum](#)

**Veldu friðhelgisstillingar þínar** ▶ **Viðbætur, leikir og vefsíður**

[← Til baka í Friðhelgi](#)

**Viðbætur sem þú notar** Þú notar 13 viðbætur, leiki og vefsíður, nýlegast:  
✖ Fjarlægja óumbeðnar eða rusl viðbætur.  
✎ Slökkyva á öllu aukadóti. [Breyta stillingum](#)

**How people bring your info to apps they use** Fólk sem getur skoðað upplýsingarnar þínar getur tekið þær með sér þegar það notar viðbætur. Notaðu þessa stillingu til að hafa yfirráð um þær upplýsingar sem fólk getur tekið með sér. [Breyta stillingum](#)

**Sérstíð á augnabliki**

**Leitarvél**

**Hvernig fólk tekur upplýsingarnar þínar með sér í viðbætur sem það notar**

People on Facebook who can see your info can bring it with them when they use apps. This makes their experience better and more social. Use the settings below to control the categories of information that people can bring with them when they use apps, games and websites.

<input checked="" type="checkbox"/> Æviágrip	<input checked="" type="checkbox"/> Myndböndin mín
<input checked="" type="checkbox"/> Fæðingardagur	<input checked="" type="checkbox"/> Tenglarnir mínir
<input checked="" type="checkbox"/> Fjölskylda og tengingar	<input checked="" type="checkbox"/> Glósumnar mínar
<input type="checkbox"/> Áhuga á	<input checked="" type="checkbox"/> Heimabær
<input type="checkbox"/> Trúar- og stjórnmálaskoðanir	<input checked="" type="checkbox"/> Núverandi bæjarfélag
<input checked="" type="checkbox"/> Vefsíðan mín	<input checked="" type="checkbox"/> Menntun og störf
<input checked="" type="checkbox"/> Ef ég er á netinu	<input checked="" type="checkbox"/> Athafnir, áhugamál, hlutir sem mér líkar við
<input checked="" type="checkbox"/> Staða mín - uppfærsla	<input checked="" type="checkbox"/> Ný app activity
<input checked="" type="checkbox"/> Myndir mínar	

If you don't want apps and websites to access other categories of information (like your friend list, gender or info you've made public), you can turn off all Platform apps. But remember, you will not be able to use any games or apps yourself.

[Vista breytingar](#) [Hætta við](#)

Vinir þínir á Facebook sem hafa aðgang að þínum upplýsingum geta tekið þær með sér þegar þeir sjálfir samþykkja notkun á viðbótum. Facebook segir að slíkt stuðli að ánægjulegri upplifun af notkun viðbótanna og geri hana persónulegri. Þú getur hins vegar stjórnað því hvaða upplýsingum vinum þínum er heimilt að flytja með sér með því að breyta stillingunum fyrir „How people bring your info to apps they use“.

Persónuvernd mælir sterklega með því að ekki sé hakað við neinn möguleika hér. Ef þú hefur valið að slökkyva á öllum viðbótum í skrefi 1 hér á undan þá á þessi valmöguleiki ekki við. Ef þú heimilar vinum þínum að flytja tiltekna upplýsingar um þig til ákveðinna viðbóta hafðu þá í huga að t.d. trúar- og aðrar lífsskoðanir, upplýsingar um uppruna þinn og stjórnmálaskoðanir teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga samkvæmt persónuverndarlögum.



## 21 Friðhelgisstillingar Viðbætur og vefsíður - Sérnið á augnabliki

**Viðbætur og vefsíður**  
Stjórnaðu hverju er deilt með viðbótum, leikjum og vefsíðum. [Breyta stillingum](#)

**Veldu friðhelgisstillingar þínar > Viðbætur, leikir og vefsíður**

[← Til baka í Friðhelgi](#)

<b>Viðbætur sem þú notar</b>	Þú notar 13 viðbætur, leiki og vefsíður, nýlegast: Fjarlægja óumbeðnar eða rusl viðbætur. Slökkva á öllu aukadóti.	<a href="#">Breyta stillingum</a>
<b>How people bring your info to apps they use</b>	Fólk sem getur skoðað upplýsingarnar þínar getur tekið þær með sér þegar það notar viðbætur. Notaðu þessa stillingu til að hafa yfirráð um þær upplýsingar sem fólk getur tekið með sér.	<a href="#">Breyta stillingum</a>
<b>Sérnið á augnabliki</b>	Gerir þér kleift að sjá viðkomandi upplýsingar um vini þína um leið og þú ferð á vefsíður valinna félaga.	<a href="#">Breyta stillingum</a>

**Leitarvél** [← Til baka í viðbætur](#)

**Sérnið á augnabliki**

We've partnered with a few websites to provide you with great, personalized experiences the moment you arrive, such as immediately playing the music you like or displaying friends' reviews. To tailor your experience, these partners only access public information (like your name and profile picture) and other information you've made public.

Þegar þú kemur í fyrsta sinn á eftirferandi síðu munt þú sjá tilkynningu og valmöguleika á að slökkva á persónulegni reynslu:

- Bing - Félagleg leit
- Pandora - Sérniðin tónlist
- TripAdvisor - Ferðasamfélag
- Yelp - Álit náinna vina
- Rotten Tomatoes - Álit vina á kvikmyndum
- Clicker - Sérniðin sjónvarpsmeðmæli
- Scribd - Lestrarsamfélag
- Docs - Document Collaboration

Til að slökkva á hraðsérnið á öllum félagsiðum skaltu taka hakið af í reitnum fyrir neðan.

**Virkja sérnið á augnabliki á vefsíðum viðskiptafélaga.**

Facebook hefur í samstarfi við vefsíður og fyrirtæki unnið að því að persónusníða vefsíður þannig að þær samræmist sem best áhugasviði einstaklings miðað við aldur, kyn, umsagnir vina o.s.frv. Með því að hafa kveikt á „sérniði á augnabliki“ heimilar þú Facebook að senda grunnupplýsingar um þig til utanaðkomandi vefsíðna. Þegar þú síðan skoðar umræddar utanaðkomandi vefsíður geturðu séð hinar ýmsu upplýsingar um þig og vini þína sem þú gast áður séð á Facebook.

Til að slökkva á þessu sérniði skaltu takið hakið úr reitnum sem merktur er með rauðu undir „Virkja sérnið á augnabliki á vefsíðum viðskiptafélaga“. Persónuvernd mælir með því að ekki sé hakað við þennan valmöguleika.

## 22 Friðhelgisstillingar: Viðbætur og vefsíður - Leitarvél

### Viðbætur og vefsíður

Stjórnaðu hverju er deilt með viðbótum, leikjum og vefsíðum.

[Breyta stilingum](#)

#### Veldu friðhelgisstillingar þínar > Viðbætur, leikir og vefsíður

[← Til baka í Friðhelgi](#)

<b>Viðbætur sem þú notar</b>	Þú notar 13 viðbætur, leiki og vefsíður, nýlegast: Fjarlægja óumbeðnar eða rusl viðbætur. Slökkið á öllu aukadóti.	<a href="#">Breyta stilingum</a>
<b>How people bring your info to apps they use</b>	Fólk sem getur skoðað upplýsingarnar þínar getur tekið þær með sér þegar það notar viðbætur. Notaðu þessa stilingu til að hafa yfirráð um þær upplýsingar sem fólk getur tekið með sér.	<a href="#">Breyta stilingum</a>
<b>Sérnsnið á augnabliki</b>	Gerir þér kleift að sjá viðkomandi upplýsingar um vini þína um leið og þú ferð á vefsíður valinna félaga.	<a href="#">Breyta stilingum</a>
<b>Leitarvél</b>	Show a preview of your Facebook timeline when people look for you using a search engine.	<a href="#">Breyta stilingum</a>

#### Veldu friðhelgisstillingar þínar > Almenn leit

[← Til baka í viðbætur](#)

<b>Almenn leit</b>	Almenn leit stjórnar því hvort fólk sem slær nafni þínu inn í leitarvél sjái sýnishorn af Facebook síðunni þinni. Þar sem sumar leitarvélar setja upplýsingar í geymslu, þá má vera að eitthvað af af upplýsingunum þínum frá síðunni þinni verði aðgengilegar í einhvern tíma eftir að þú slekkur á almennri leit. Sjá forskoðun To use this feature, first go to Hvernig þú tengist and set Hver getur flett upp síðunni þinni eftir nafni og tengla-upplýsingum? to "Everyone."	<input type="checkbox"/> <a href="#">Virkja almenna leit</a>
--------------------	---	--

Með því að breyta stilingunum varðandi leitarvélar stjórnar þú hvort Facebook vefsíðan þín komi upp á leitarvélum, s.s. [www.google.com](http://www.google.com), þegar nafni þínu er slegið þar upp. Með því að taka hakið úr "Virkja almenna leit" er komið í veg fyrir að forsíðumynd þín og Facebook vefsíða birtist í niðurstöðum leitarvéla. Persónuvernd mælir með því að fólk Facebook síðu sinni utan við leitarvélar og haki ekki við þennan valmöguleika.

## 23 Friðhelgisstillingar: Takmarkaðu hver getur séð eldri innlegg



The screenshot shows the Facebook interface for limiting the audience of old posts. At the top, there is a header with a padlock icon and the text "Takmarkaðu hver getur séð eldri innlegg" (Limit the audience for posts you shared with friends of friends or Public). To the right of this header is a button labeled "Sýnileikastillingar eldri innleggja" (Limit Old Posts). Below the header is a large modal window with a blue header that reads "Limit The Audience for Old Posts on Your Profile". Inside the modal, there is a yellow warning triangle icon followed by the text: "If you use this tool, content on your profile you've shared with friends of friends or Public on your Wall will change to Friends. Remember: people who are tagged and their friends may see those posts as well." Below this text, it says: "You also have the option to individually change the audience of your posts. Just go to the post you want to change and choose a different audience." At the bottom of the modal, there is a link that says "Learn about changing old posts" and two buttons: "Limit Old Posts" and "Hætta við" (Cancel).

Með því að breyta friðhelgisstillingum fyrir eldri innlegg þín á Facebook geturðu tryggt það að einungis vinir þínir sjái eldri færslur sem þú hefur gert á Facebook en ekki aðrir. Þessi valmöguleiki er fyrir hendi þar sem Facebook hefur breytt möguleika friðhelgisstillinga sinna nokkrum sinnum. Notandi gæti því verið með gamlar stöðuuppfærslur á Facebook síðu sinni sem engar aðgangstakmarkanir eða friðhelgi gildir um.

Persónuvernd mælir sterklega með því að notendur haki við „Limit old posts“ og takmarki þannig sýnileika eldri færslna á Facebook síðu sinni.



## 24 Friðhelgisstillingar: Fólk og viðbætur sem lokað er á (e. blocking)

The screenshot shows the Facebook settings page for blocking people and apps. The title is 'Fólk og viðbætur sem lokað er á' with a sub-header 'Stillingar fyrir fólk og viðbætur sem þú hefur lokað á.' and a link for 'Lokunarstillingar'. The page is divided into several sections:

- Add friends to your Restricted list:** Explains that when you add friends to your Restricted list, they can only see public information and posts. Facebook does not notify them. Includes an 'Edit List' link.
- Útiloka notendur:** Explains that blocking someone prevents them from contacting you or seeing your posts. Includes input fields for 'Nafn' and 'Netfang', each with a 'Block' button. A message states 'You haven't added anyone to your block list.'
- Útiloka boð á viðbætur:** Explains that blocking a friend's post prevents you from seeing their future posts. Includes an input field 'Útiloka boð frá:' and a message 'Þú hefur ekki útilokað boð frá neinum.'
- Útiloka viðburðabeiðnir:** Explains that blocking an event prevents you from seeing future events. Includes an input field 'Útiloka beiðnir frá:' and a message 'Þú hefur ekki lokað á viðburðabeiðnir frá neinum.'
- Útilokaðar viðbætur:** Explains that blocking an app prevents it from contacting you. Lists several blocked apps: 'What's your kissing style? Opna fyrir', 'Will you KISS me? Opna fyrir', 'Mafia Wars Opna fyrir', and 'MyCalendar - Birthdays Opna fyrir'.

Notandi á Facebook getur ákveðið að loka fyrir aðgang tiltekins aðila að sinni eigin vefsíðu. Með því að velja „lokunarstillingar“ í friðhelgisstillingunum opnast valmöguleiki þar sem hægt er að útiloka tiltekna vini, notendur, viðbætur eða viðburðarbeiðnir. Loks sér notandi lista yfir þær viðbætur sem hann hefur útilokað. Þegar tiltekinn notandi eða viðbætur hafa verið útilokaðar af Facebook notanda sjá þessir aðilar engar upplýsingar eða færslur nema þær sem eru sérstaklega merktar sem opinberar og eru þar með opnar öllum. Sá sem hefur verið útilokaður af þér getur ekki séð að hann hafi verið útilokaður.

Persónuvernd mælir með því að notendur útiloki boð á viðbætur eða viðburðarbeiðnir sem þeir fá sendar ítrekað, frá öðrum vinum, sem þeir kjósa ekki að fá. Dæmi um slíkar viðbætur eru t.d. boð að taka þátt í leikjum eins og Mafia Wars eða FarmVille.

ATH! Önnur leið til að útiloka tiltekinn einstakling er að eyða honum af vinalista þínum. Sá munur er hins vegar á því og útilokun (e. blocking) að hinn útilokaði getur séð að hann er ekki lengur vinur tiltekins aðila, leiti hann eftir því, eftir að honum hefur verið eytt.

## 25 Upplýsingar um þig sem birtast á síðunni þinni

facebook Leita

Persóna Vernd Finna vini Heim

Persóna Vernd

1 UPPÁHALDI

Velkomin(n)

Fréttaveita

Skilaboð

Váburður

Finna vini

LISTAR

Nánir Vínir

Fjölskylda

VEÐBÆTUR

Væðbetur og Leifir

Myndir

Music

Glásur

Spurningar

Tenglar

Pot

Velkomin á Facebook, Persóna.

1 Upload a profile picture

Hlaða inn mynd  
From your computer

EDA

Taka mynd  
Með vefmyndavélinni þinni

2 Add your employer to find coworkers

Vinnuveitandi: Enter an employer

3 Finndu fólk sem þú þekkir  
Leit eftir nafni eða að skóla- og vinnufélögum.

Snúðu aftur yfir á aðalsíðu Facebook hvenær sem er, með því að ýta á Facebook merkið.

Næsta skref í að breyta friðhelgisstillingum þínum felst í því að fara á forsíðuna þína og stilla hvaða upplýsingar um þín persónulegu mál, s.s. áhugamál, stjórnámalskoðanir o.s.frv., eru sýnilegar öðrum. Til að stilla það skaltu ýta á nafnið þitt efst í hægra horninu (í þessu tilviki Persóna-Vernd).

## 26 Upplýsingar um þig sem birtast á síðunni þinni frh.

The image shows a Facebook profile page for a user named 'Persóna Vernd'. The profile is set to public. The left sidebar shows the user's profile picture, cover photo, and navigation options like 'Veggur', 'Upplýsingar', 'Myndir', 'Glósur', 'Vini', and 'Áskrifir'. The main content area is divided into several sections, each with a 'Breyta' (Change) button highlighted in a red box:

- Starf og menntun**: Includes 'Deildu upplifun þinni' with options for 'Bættu við starfi' and 'Bættu við skóla'.
- Listir og afþreying**: Includes 'Deildu áhugamálum þínum' with options for 'Bættu við tónlist', 'Bættu við bókum', 'Bættu við kvikmyndum', 'Bættu við sjónvarpsþáttum', and 'Bættu við leikjum'.
- Almennar upplýsingar**: Shows 'Kyn' as 'Kvenkyns'.
- Tengiliðaupplýsingar**: Shows 'Netfang' as 'verndfb@gmail.com'.

On the right side of the profile, there are several posts and recommendations, including 'Vini þinir á Facebook', 'Styrktir hópar', and 'Ert þú alltaf í spreng?'.

Þær upplýsingar sem þú setur inn um þig sjálfa/n í þessari valmynd eru ávallt opinberar til að byrja með og birtast því öllum notendum Facebook hvort sem þeir eru vini þínir eða ekki. Með því að breyta stillingunum hér getur þú stjórnað hverjir sjái þessar upplýsingar.

Til að laga stillingarnar að þínu höfði skaltu velja „Breyta“ - sem merkt er með rauðu.

## 27 Upplýsingar um þig sem birtast á síðunni þinni frh.

Persóna Vernd > Breyta síðunni minni

← Skoða síðuna mína Skoða sem...

Vinnuveitandi: Hjá hverjum hefur þú starfað?

College/University: Í hvaða háskóla gekkst þú?

Menntaskóli: Í hvaða framhaldsskóla gekkst þú?

Public

Vinir

Enungis ég

Sérsvið

Nánir Vinir

Fjölskylda

Sjá alla lista...

Facebook © 2012 - Íslenska

Um veðinn · Auglýsingar · Búa til síðu · Hönnuðir · Störf · Friðhelgi · Skilmálar · Hjálp

Þegar valið hefur verið að breyta stillingum á persónulegum upplýsingum færð þú upp valmynd svipaða þessari. Eins og áður mælir Persónuvernd með að eingöngu vinir, eða valdir vinir, hafi aðgang að þessum persónuupplýsingum. Ef hakað er við „public“ eru upplýsingarnar opinberar öllum notendum Facebook.

Á vinstri ás síðunnar sjást ólíkir flokkar upplýsinga, t.d. grunnupplýsingar, forsíðumynd, vinir og ættingjar, menntun og starf o.s.frv. Þessum stillingum þarf að breyta í hverjum flokki fyrir sig.


Efst í vinstra horni síðunnar er einnig boðið upp á valmöguleikann „Skoða sem“ - með því að velja hann getur þú skoðað síðuna þína eins og hún birtist tilteknum einstaklingum. Sem dæmi má nefna getur þú skoðað hvernig Facebook síða þín lítur út hjá þeim sem ekki eru vinir þínir og séð hvaða upplýsingar um þig birtast þeim aðilum.

## 28 Friðhelgisstillingar einstakra færsla á vegg/tímalínu notanda



Þegar þú setur inn einstaka stöðuuppfærslur eða annað efni á Facebook síðu þína getur þú stillt friðhelgisstillingarnar fyrir þá færslu hverju sinni. Það gerir þú með því að velja hnappinn sem merktur er með rauðu hér að ofan. Þannig getur þú t.d. sett inn stöðuuppfærslu sem einungis sérveldir vínir geta séð með því að velja sérsniðið.

## 29 Tilkynningar um brot



Ef notandi verður var við það að annar notandi brjóti gegn skilmálum Facebook, lögum eða öðrum siðferðisreglum þá getur hann tilkynnt um slík brot til Facebook sem bregst við tilkynningunni.

Til að fá frekari upplýsingar um hvernig best sé að bera sig að við tilkynningar, má finna leiðbeiningar um slíkt í hjálparmiðstöðinni. Tilkynningar þarf samt ávallt að senda af Facebook-síðu þess sem tilkynning beinist gegn.

## 30 Tilkynningar um brot frh.

facebook HJÁLPARMIÐSTÖÐ Please Select a Language Fara aftur á Facebook

### Hi Persóna, what do you need help with?

Skráð lykilorð eða spurningu

#### Facebook Basics

Account Settings · Photos · News Feed · Chat · Privacy · Mobile · Friends · Timeline · More

#### Something's Not Working

Log in or sign up issues · Disabled account · Problems with chat · Broken games or apps · More

#### Report Abuse or Policy Violations

Spam · Hacked accounts · Impersonated Profile · Bullying · Intellectual property infringement · More

#### Safety Center

Tools and resources · Information for parents, teachers, teens and law enforcement · More

#### Ads and Business Solutions

Getting started · Ads · Business pages · Platform · More

Notendatorg Leikir og viðbætur Viðbrögð

#### Facebook Help Feed

##### Known Issues on Facebook

Groups: New posts and comments in some groups are disappearing immediately after being posted. We're investigating this problem.

Líkar þetta · Skrifðu ummæli · Deila · 25. janúar kl. 23:01

11.010 manns kunna að meta þetta.

Skibe öll 6.466 ummæli 1.364 deilingar

Skrifðu ummæli...

##### Facebook Tips

Want to know what you can do with your new timeline? Watch this video to get tips on how you can make your timeline your own.

**Customizing Your Timeline**  
www.youtube.com

Learn how to tell your story from beginning, to middle, to now.

Líkar þetta · Skrifðu ummæli · Deila · 25. janúar kl. 21:19

9.241 manns kunna að meta þetta.

Skibe öll 3.953 ummæli 1.083 deilingar

Skrifðu ummæli...

Show more...

Eins og sjá má getur notandi nálgast hinar ýmsu upplýsingar og leiðbeiningar í hjálparmiðstöðinni. Til að fá upplýsingar um hvernig skuli tilkynna um brot skal velja „Report abuse or Policy Violations“.

ATH. Tilkynningarnar sjálfar þarf ávallt að senda af Facebook síðu þess sem tilkynningin beinist gegn en ekki úr hjálparmiðstöðinni. Það er gert með því að ýta á s.k. „Report-takka“ á vinstri ás síðunnar, neðarlega.



## 31 Tilkynning um brot

The screenshot shows the Facebook Help Center page titled "Report Abuse or Policy Violations". The page is in Icelandic. On the left, there is a navigation menu with links: "Grunnurinn", "Eitthvað virkar ekki", "Tilkynna misnotkun eða brot á notkunarskilmálum", "Auglýsingar og lausnir fyrir fyrirtæki", "Öryggisstöð", "Notendatorg", and "Leikir og viðbætur". The main content area has a search bar and a "Fara aftur á Facebook" link. Below the search bar, there is a section for "Report Abuse or Policy Violations" with a language selector. A yellow warning box states that the help center is not available in the user's language and suggests selecting a different language. Below this, there are sections for "Learn How to Address Abuse", "Report a Violation", "Surface Safety and Privacy Concerns", and "Secure a Hacked Account". The "Report a Violation" section is highlighted with a red box and lists various types of violations such as Impostor accounts, Bullying, Intellectual Property Infringements, Unauthorized Payments, Advertising Violations, Pornography, Scams, Phishing and Spam, Violent or Graphic Posts, Hate Speech, and Promotion of "Cutting," Eating Disorders or Drug Use.

Hér má finna ýmsan fróðleik um tilkynningar á brotum, hvernig best sé að bregðast við misnotkun sem og hvernig hægt sé að varðveita Facebook síðu látins ættingja.

Ýmsir efnisflokkar fyrir tilkynningar birtast hér, merktir með rauðu, og eru sumir þeirra njóta forgangs hjá Facebook, t.d. ef tilkynnt er um sérstaklega viðkvæmt efni eins og sjálfsvíg.

Helstu tilkynningarnar um brot um varða eftirfarandi flokka: gervi-vefsíður, einelti, brot á hugverkarétti, óleyfilegar greiðslur, brot á skilmálum auglýsinga, klám, svikamyllur, ofbeldisfullar stöðuuppfærslur, hatursáróður og óæskileg hvatning til vímuefnanotkunar o.fl.



## 32 Tilkynningarhappurinn á tímalínu einstaklings



Til að tilkynna síðu einstaklings, sem hefur tekið upp tímalínuna, þarf að velja örina hæga megin á síðu viðkomandi. Þá birtist valmöguleiki um að tilkynna/loka á viðkomandi einstakling.

### 33 Tilkynningarhappur á vegg einstaklings/fyrirtækis

The screenshot shows a Facebook interface. On the left, there's a sidebar with the Facebook logo and navigation icons. Below that, a large empty box is highlighted with a black border. Underneath, there's a 'Veggur' (Wall) section with icons for 'Upplýsingar' (Info), 'Vinavirkni' (Activity), and 'Myndir' (Photos). Below that, there's a 'Um' (About) section with another empty box highlighted with a black border. At the bottom of the sidebar, there are statistics: '16 like this', '12 talking about this', and '0 were here'. Below the statistics, there are links for 'Er þetta fyrirtæki þitt?', 'Búa til síðu', 'Fá uppfærslur með RSS', 'Líkar ekki við', 'Tilkynna síðu' (highlighted with a red circle), and 'Deila'.

The main content area shows a 'Report This Place' dialog. The title is 'Report This Place'. Below the title, there's a question: 'Allar tilkynningar eru í fullum trúnaði. What best describes this?'. There are six radio button options: 'Not a public place', 'Duplicate of another Place', 'Event at another Place', 'Miscategorized Place', 'Permanently closed', and 'Other / abusive content'. At the bottom of the dialog, there's a question 'Er þetta þín hugsmið?' and two buttons: 'Senda' and 'Hætta við'.

Ef einstaklingur hefur ekki tekið í notkun tímalínu Facebook og hefur gamla útlitið á síðu sinni, er tilkynningarhappurinn staðsettur á vinstri ás síðunnar, neðarlega. Þegar ýtt er á "Tilkynna síðu" birtist valmynd þar sem nauðsynlegt er að velja ástæðu tilkynningarinnar.

**34** Persónuvernd



Ef þú hefur frekari spurningar varðandi Facebook og um persónuvernd almennt getur þú farið á heimasíðu Persónuverndar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is). Þá er einnig hægt að hafa samband í síma 5109600 alla virka daga frá kl. 9-12.